

SAMPYKT54
13. júlí

um

**breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað
frá 15. júní 1920.**

57. gr., 1. málsg. orðist svo:

Veitingahúsum og kaffisöluhúsum öllum skal lokað kl. 11 á kvöldin til kl. 7 að morgni og allir gestir, sem hafa þar ekki næturstað skulu farnir út kl. 11 að kvöldi.

Kvikmyndahúsum og öllum almennum skemtisamkomum skal lokað frá kl. 11½ á kvöldin til kl. 7 að morgni; þó er lögreglustjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði með samkomur, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, til almenningsheilla eða eru til styrktar framfaramálum bæjarins, svo og með samkomur, sem haldnar eru á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. júní.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 15. júlí 1927.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júlí 1927.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

St. Gunnlaugsson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- 55
sjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jöhönnu Kristínar Þor- 22. júlí
leifsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra 22. júlí 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og
frú Jöhönnu Kristínar Þorleifsdóttur.**

1. gr.

Vjer undirskrifuð systkin, börn Hákonar kaupmanns Bjarna-
sonar og konu hans Jöhönnu Kr. Þorleifsdóttur, höfum lagt í Söfnunar-
sjóð Íslands 2584 — tvö þúsund fimm hundruð áttatíu og fjórar —